

Nd.

**154. Breytingartillaga**

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 24. gr. Á eftir greininni bætist ný grein, sem verður 25. gr. svo hljóðandi:  
75. grein orðist svo:

Atvinnurekendur skulu eiga þess kost að taka slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir starfsmenn sína og sjálfa sig, ef þeir starfa að atvinnurekstrinum.

Trygging þessi miðast við eftirfarandi bætur:

1. Dánarbætur:

- a) 1 milljón króna við dauða, sem greiðist dánarbúi hins látna.
- b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár,  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt a-lið 1. málsg. 35. gr.
- c) Mánaðarlegar bætur að 17 ára aldri eða í 8 ár,  $\frac{3}{4}$  þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkvæmt c-lið 1. málsg. 35. gr.

2. Örorkubætur:

3 milljónir króna við 100% varanlega örorku og hlutfallslegar bætur í samræmi við þá upphæð við minni örorku og við tímabundna örorku.

Útgerðarmanni skal skylt að taka þessa tryggingu vegna þeirra, er hann ræður í skiprúm, enda hefur hann þá tryggt sig að fullu gegn þeirri sérstöku (hlutlægu) ábyrgð, er á hann er lögð í 1. gr. laga nr. 50 29. maí 1972.

Ráðherra er skylt að breyta eingreiðslufjárhæðum þessarar greinar í samræmi við almennar hækkanir bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér aðrar tegundir frjálsrar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út váttryggingaskirteini.

Tryggingastofnunin getur enn fremur með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun trygginga samkvæmt þessari grein, þ. á m. að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

Taki atvinnurekandi slysatryggingu þá, er um ræðir í 1. og 2. tölulið, kemur hún í stað samningsbundinnar slysatryggingar hans.